

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps, nr. 109/1999.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Hreppsnefnd heldur reglulega fundi á fimmtudegi eða föstudegi í þriðju viku hvers mánaðar. Fundir skulu ekki hefjast fyrir en kl. 13.00 á fimmtudegi og ekki síðar en kl. 17.00 á föstudegi umrædda daga. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

Í stað orðanna „Oddviti hreppsnefndar“ í 2. mgr. 44. gr. samþykktarinnar kemur: Sveitarstjóri.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

- a. 4., 15. og 17. tölul. B-hluta falla brott. Aðrir töluliðir breytast til samræmis við þessa breytingu.
- b. Við B-hluta bætist nýr töluliður, er verður 18. tölul., svohljóðandi:
Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.
- c. C-hluti samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samþykkt skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. maí 2003.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Guðjón Bragason.